

Pingeyjarsveit  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík, 14. nóvember 2024  
UST202410-061/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi - Vogar 1 - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Voga 1 í Pingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að breyting þessi felur í sér að breyta 6 frístundalóðum í íbúðarlóðir auk þess að auka byggingarheimild á hverri lóð úr 120 m<sup>2</sup> í 250 m<sup>2</sup>. Einnig verður heimilt að reisa hús á tveimur hæðum í stað einnar áður. Samhliða er gerð leiðrétting á lóðarmörkum Voga 1 og Bjarkar skv. innmælingu í samræmi við Landskiptagjörð dags. 15.07.2005. Landsvæði Bjarkar er tekið út fyrir skipulagssvæði og er nú ekki hluti skipulags. Frístundareitur F9 í landi Bjarkar fellur út. Fyrirhugaður vegur sem áður var ráðgerður bæði í landi Voga og Bjarkar er nú eingöngu um land Voga 1. Hann færir norðar og er breikkaður úr 3 m í 4 m. Byggingarreitur þ7 fyrir starfsmannahús er stækkaður þar sem nú eru fyrirhuguð þrjú hús í stað eins. Hámarks byggingarmagn er það sama og áður.

### Mývatn

Í greinargerð kemur fram að breytingin er utan við verndarsvæði Mývatns og Laxár. Umhverfisstofnun bendir á að ný aðkoma er að hluta til innan verndarsvæðisins og sést hún á uppdraetti.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár segir að lögin eiga að tryggja verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Í 3. gr. laganna segir að óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Umhverfisstofnun telur að veglagnir geti haft neikvæð áhrif á markmið verndunarinnar hvað varðar jarðmyndanir.

### Framkvæmdir á aðliggjandi svæðum

Hluti verkefnisins sem er hér til umfjöllunar er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og hluti utan þess. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um hvort framkvæmdir utan verndarsvæðisins geti á einhvern hátt haft áhrif á hið friðlýsta svæði. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts

*svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis.*

*Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.*

*Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“*

## **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mun tillagan raska því. Umhverfisstofnun telur að tillagan muni valda óafturkræfu raski á hrauni sem mun hafa neikvæð áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun fær ekki séð hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina því þarf í greinargerð að fjalla um hvaða mjög ríku hagsmunir og brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á hrauninu, en það kemur ekki fram.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun sveitarfélaginu á að til að ná markmiðum um uppbyggingu íbúðarbyggðar er hægt að líta til annarra svæða (annara valkosta) innan sveitarfélagsins, utan verndarsvæða sem njóta ekki sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og verndarsvæði sem falla undir sérlög. Með því væri hægt að ná markmiðum sveitarfélagsins um uppbyggingu frístundabyggðar og ferðaþjónustu og ná þeim markmiðum að vernda svæði sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

## **Ásýnd**

Að mati Umhverfisstofnunar mun íbúðarbyggðin hafa sjónræn áhrif ofan af Hverfjalli og því þarf að skoða að setja sértæk skilyrði og mótvægisáðgerðir til að byggðin falli vel að landinu.

## **Framkvæmdaleyfi**

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og

ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Leyfisveitingar**

Líkt og kemur fram hér að ofan er svæðið verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagstillöguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnunin fái viðeigandi teikningar og bendir stofnunin á að mannvirkjagerð og jarðrask allt innan verndarsvæðisins er háð leyfis Umhverfisstofnunar. Sjái framkvæmdaraðili fram á að grunnurinn fari inn á verndarsvæðið þá þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>1</sup>. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

---

<sup>1</sup> [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Stöðuvatnshlotið Mývatn ([102-1448-L](#)) er á fyrirætluðu framkvæmdarsvæði sem hefur umhverfismarkmið um að minnsta kosti gott efnafræðilegt og vistfræðilegt ástand. Vatnshlotið hefur verið metið í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum vegna efnafræðilegs álags. Staðbundið álag vegna losun frá iðnaði og vegna leka úr fráveitukerfi hefur verið skráð á vatnshlotið. Einnig hafa breytingarnar áhrif á grunnvatnshlotið Aðalshraun - Trölladyngja ([102-278-2-G](#)) sem hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Raunverulegt ástand vatnshlotsins er óþekkt og því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Umhverfisstofnun bendir á að Mývatn er á skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 15. gr. reglugerðar 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Gera þarf áhrifamat til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar og hvort framkvæmdirnar munu valda því að vanthlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.<sup>2</sup> Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>3</sup>). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

---

<sup>2</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

<sup>3</sup> [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***